



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík  
Sími: 530 6700, Myndsími: 530 6701  
Netfang: obi@obi.is, Vefsíða: www.obi.is

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 131/586*  
*komudagur 10.12.2004*

Reykjavík, 8. desember 2004.

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8 – 10,  
150 Reykjavík.

**Efni: Frumvarp til laga um græðara.**

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um græðara, 246. mál á þingskjalí 257.

Öryrkjabandalagið tekur undir meginefni frumvarpsins og fagnar því að fram skuli komið frumvarp um svokallaðar óhefðbundnar lækningar hér á landi.

Bandalagið telur að með frumvarpi þessu sé stigið mikilvægt framfaraskref í þá átt að tryggja hagsmuni sjúklinga með því að veita þeim ákveðið val um meðhöndlun ýmiss konar sjúkdóma og kvilla. Þá fagnar bandalagið sérstaklega ákvæðum um ábyrgðartryggingu, bagnarskyldu og öðrum ákvæðum sem lúta að því að stuðla að öryggi og öðrum hagsmunum sjúklinga.

Öryrkjabandalag Íslands mælir með samþykkt frumvarpsins.

Fyrir hönd Öryrkjabandalags Íslands,

*Arnbór Helgason*

Arnbór Helgason, framkvæmdastjóri